

TILGANGUR SKJALSINS

- Markmið Nasdaq Iceland („**Kauphöllin**“) og Samtaka atvinnulífsins með útgáfu þessara stöðluðu skilmála vegna skuldabréfaútgáfu er að skjóta styrkari stöðum undir íslenskan skuldabréfamarkað og draga úr kostnaði við útgáfu skuldabréfa og bæta þar með valkosti íslenskra fyrirtækja við fjármögnun. Kauphöllin og Samtök atvinnulífsins leituðu til Arnaldar Hjartarsonar, aðjúnkts við lagadeild Háskóla Íslands, og samdi hann drög að skilmálum og veitti ráðgjöf um útfærslu þeirra. Ber hann enga ábyrgð á efni þessa skjals.
- Forsenda þess að skjalið nýtist er að markaðsaðilar sjái sér hag í að nota það sem grunn í viðskiptum sínum. Af þeirri ástæðu var hliðsjón höfð af núverandi markaðsframkvæmd hér á landi eins og hún birtist í skuldabréfaútgáfum undanfarinna missera. Við gerð skjalsins var jafnframt litið til útgáfu sambærilegra skilmála á erlendum vettvangi, meðal annars í Svíþjóð og Finnlandi og þeirra upplýsinga sem Nasdaq verðbréfamiðstöð áskilur við gerð útgáfulýsinga í tengslum við rafræna útgáfu skuldabréfa.
- Öllum er heimilt að nýta sér skjal þetta og breyta innihaldi þess eftir þörfum. Eðli máls samkvæmt verður að semja sérstaklega um margvísleg atriði við sérhverja skuldabréfaútgáfu, þar á meðal gjaldmiðil, vexti og greiðslutíma. Haft var að leiðarljósi að skjalið væri einfalt í notkun og eins auðskiljanlegt og kostur er. Eftir atvikum kunna aðilar þannig einnig að vilja bæta við skjalið atriðum eða sértækum skilmálum sem ekki eru tilgreindir hér.
- Hornklofar eru settir utan um ákvæði sem viðbúið er að taka þurfi til sérstakrar skoðunar og þau grámerkt. Þá er víða í skjalinu að finna gulmerktan texta sem gert er ráð fyrir að verði fjarlægður úr skjalinu fyrir notkun. Er um að ræða texta í upphafi hvers kafla sem ætlaður er til lauslegrar skýringar á efni kaflans, ýmis dæmi í textanum auk fyrirvara sem er að finna á hverri síðu. Er því ljóst að ávallt þarf að fara vandlega yfir skjalið áður en það er notað. Af þeirri ástæðu er mælt til þess að útgefendur og kaupendur skuldabréfa leiti sér viðeigandi ráðgjafar.
- Áréttað skal að engin ábyrgð er tekin á skjalinu eða hugsanlegri notkun þess.
- Eftir því sem venjur og viðskiptahættir taka breytingum í íslensku viðskiptalífi kemur vel til greina að gefa út breytta útgáfu skilmálanna. Í samræmi við þetta fagna Kauphöllin og Samtök atvinnulífsins hvers kyns ábendingum vegna skilmálanna, en þeim má koma á framfæri við Kauphöllina.

Engin ábyrgð er tekin á notkun þessa skjals. Þessi fyrirmynd að stöðluðum skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu er á engan hátt bindandi og skal einungis litið á þau ákvæði sem í skjalinu er að finna sem dæmi um algeng ákvæði í skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu. Útgefandi skal ávallt leggja sjálfstætt mat á hvort þau dæmi sem sett eru fram í skjalinu samræmist kröfum útgefanda, væntanlegra kaupenda, laga og regna, opinberra aðila eða annarra sem hagsmuna eiga að gæta vegna útgáfu skuldabréfa. Útgefendur og kaupendur skuldabréfa ættu ávallt að leita sér ráðgjafar sérfræðinga.

Fyrir notkun skjalsins skal útgefandi fjarlægja þessa blaðsíðu.

[Firmamerki]

SKILMÁLAR FYRIR

[ÚTGEFANDA]

VEGNA ÚTGÁFU Á [HEITI SKULDABRÉFS] [[ALLT AÐ]
[TEGUND GJALDMÍÐILS] [FJÁRHÆÐ]]

[VEÐ / VÍKJANDI] [MEÐ FÖSTUM / BREYTILEGUM]
VÖXTUM

[MEÐ/ÁN] VERÐTRYGGINGU/AR

ISIN: IS[●]

EFNISYFIRLIT

[Mælt er til þess að efnisyfirlit sé að finna í skjalinu. Inntak þess ræðst af endanlegu efni skjalsins. Hér að neðan er að finna framsetningu nokkurra kafla í dæmaskyni.]

1.	SKILGREININGAR.....	3
2.	ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM ÚTGÁFUNA	5
3.	MEÐFERÐ ANDVIRÐIS SKULDABRÉFAFLOKKSINS	7
4.	SKILYRÐI ÚTGREIÐSLU	7
5.	GREIÐSLUR AF SKULDABRÉFUNUM.....	8
6.	GREIÐSLA VAXTA OG HÖFUÐSTÓLS	8
7.	UPPGREIÐSLUHEIMILD	8
8.	UPPLÝSINGASKYLDA	9
9.	GJALDFELLINGARHEIMILD	10
10.	UMBOÐSMAÐUR SKULDABRÉFAEIGENDA.....	11
11.	FUNDUR SKULDABRÉFAEIGENDA.....	13
12.	VEÐTRYGGING/AR	14
13.	VEÐVÖRSLUAÐILI.....	15
14.	SKILMÁLABREYTING	16
15.	SÉRSTÖK SKILYRÐI	17
16.	FYRNING	18
17.	ÓVIÐRÁÐANLEGAR AÐSTÆÐUR („FORCE MAJEURE“) OG TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR.....	18
18.	ÁGREININGSMÁL	18

Engin ábyrgð er tekin á notkun þessa skjals. Þessi fyrirmynd að stöðluðum skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu er á engan hátt bindandi og skal einungis lítið á þau ákvæði sem í skjalinu er að finna sem dæmi um algeng ákvæði í skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu. Útgefandi skal ávallt leggja sjálfstætt mat á hvort þau dæmi sem sett eru fram í skjalinu samræmist kröfum útgefanda, væntanlegra kaupenda, laga og reglna, opinberra aðila eða annarra sem hagsmuna eiga að gæta vegna útgáfu skuldabréfa. Útgefendur og kaupendur skuldabréfa ættu ávallt að leita sér ráðgjafar sérfræðinga.

1. SKILGREININGAR

[Athuga ber að meta verður hverju sinni hvaða skilgreiningar eiga erindi í þennan kafla, en það ræðst af ákvörðun um nánara inntak skjalsins, svo sem hvort skuldabréfið er veðtryggt eða verðtryggt o.s.frv. Æskilegt er að bætt sé við þeim hugtökum sem útgefandi telur nauðsynleg miðað við breytingar sem hann hyggst gera á skjalinu. Þá verður að huga sérstaklega að tilvísunum til kaflanúmera er uppröðun kafla tekur breytingum við vinnslu skjalsins.]

Í þessum skilmálum („skjalið“) er merking hugtaka eftirfarandi:

„**Dagaregla**“ merkir þá reiknireglu sem notuð er til að ákvarða fjölda daga milli gjalddaga.

„**Dagvísitala**“ merkir daglega vísitölu neysluverðs sem reiknuð er út með línulegri brúun á milli mánaðarlegra gilda vísitölu neysluverðs („NEY“) útgefnum af Hagstofu Íslands. Dagvísitalan reiknast samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$NEY_d^* = NEY_{M-2} + \left[\frac{(d-1)}{D} * (NEY_{M-1} - NEY_{M-2}) \right]$$

þar sem,

d: uppgjörsdagur (mánaðardagur),

M: sá mánuður sem *d* tilheyrir,

D: fjöldi daga í mánuði *M*,

NEY_d^* : dagvísitala á degi *d*,

NEY_{M-1} : vísitala neysluverðs birt af Hagstofu Íslands í mánuðinum á undan mánuði *M*.

Dagvísitalan námundast með 5 aukastöfum.

„**Fundur skuldabréfaeigenda**“ hefur þá merkingu sem kemur fram í kafla 11.

„**Frídagur**“ merkir dagur sem er ekki viðskiptadagur á Íslandi.

„**Fyrsti vaxtadagur**“ telst vera sá dagur þegar vextir byrja að reiknast á höfuðstól.

„**Gjaldfelling**“ merkir atburð eða kringumstæður skilgreindar í kafla 9.1.

„**Heildarheimild útgáfu**“ merkir samanlagða heildarheimild útgáfu af skuldabréfunum á hverjum tíma.

„**Lokagjalddagi**“ telst vera sá dagur sem lokagreiðsla höfuðstóls skuldabréfanna og útistandandi vaxta skal fara fram samkvæmt skilmálum þessum.

[„**Óviðráðanlegur atburður („force majeure“)**“ er atburður samkvæmt grein 17.1.]

„**Safnreikningur fjármálafyrirtækja**“ er eigin reikningur fjármálafyrirtækis þar sem fjármálagerningur viðskiptavina eru skráðir í samræmi við 12. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglugerð nr. 706/2008.

Engin ábyrgð er tekin á notkun þessa skjals. Þessi fyrirmynd að stöðluðum skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu er á engan hátt bindandi og skal einungis lítið á þau ákvæði sem í skjalinu er að finna sem dæmi um algeng ákvæði í skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu. Útgefandi skal ávallt leggja sjálfstætt mat á hvort þau dæmi sem sett eru fram í skjalinu samræmist kröfum útgefanda, væntanlegra kaupenda, laga og reglna, opinberra aðila eða annarra sem hagsmuna eiga að gæta vegna útgáfu skuldabréfa. Útgefendur og kaupendur skuldabréfa ættu ávallt að leita sér ráðgjafar sérfræðinga. 3

„**Skuldabréf**“ telst í skilmálum þessum vera þau skuldabréf sem gefin eru út af hálfu útgefanda á hverjum tíma í skuldabréfaflokknum [*nefna heiti skuldabréfaflokksins*], með þeim skilmálum sem lýst er í skjalinu. Er í skjalinu jöfnum höndum vísað til hugtakanna „skuldabréfin“ eða „skuldabréfaflokkurinn“ þegar vísað er til skuldabréfanna í heild.

„**Skuldabréfaeigendur**“ vísar til þeirra sem geta á hverjum tíma framvísað staðfestingu verðbréfamiðstöðvar eða viðeigandi reikningsstofnunar á eignarhaldi sínu á skuldabréfum á vörslureikningi.

[„**Umboðsmaður skuldabréfaeigenda**“ er sérfróður aðili sem er óháður útgefanda og starfar í þágu skuldabréfaeigenda. Í tengslum við skilmála þessa gegnir [*setja inn heiti umboðsmanns skuldabréfaeigenda, kt. og eftir atvikum heimilisfang*] því hlutverki, eða annar aðili sem útgefandi hefur fengið til þess að gegna þeirri stöðu í stað hans .]

[„**Uppgreiðsluheimild**“ felur í sér heimild til handa útgefanda til þess að greiða upp skuldabréfið fyrir lokagjalddaga í samræmi við nánari umfjöllun í kafla [7]. [*Í þeim kafla yrði t.d. vikið að því hvort krafist sé uppgreiðslugjalds.*]

„**Vaxtagjalddagi**“ telst vera sá dagur þegar greiðsla vaxta skal fara fram. Sé tilgreindur vaxtagjalddagi ekki viðskiptadagur, þá telst sá vaxtagjalddagi vera næsti viðskiptadagur þar á eftir.

„**Vaxtatímabil**“ telst vera tímabilið á milli vaxtagjalddaga þegar vextir reiknast á höfuðstól.

„**Vextir**“ merkja vexti samkvæmt skuldabréfinu, en þeir eru reiknaðir til samræmis við greinar [6.1 til 6.3].

[„**Veð**“ telst forgangsréttur til þess að leita fullnustu fyrir kröfu (veðkröfu) í tilteknu fjárverðmæti eða fjárverðmætum (veðinu), sbr. skilgreiningu laga nr. 75/1997 um samningsveð.]

[„**Veðvörsluaðili**“ er sérfróður aðili sem er óháður útgefanda og starfar í þágu skuldabréfaeigenda, meðal annars með því að varðveita [*frumrit tryggingarbréfs / tryggingarbréfa*] og framkvæma þær fullnustuaðgerðir sem ráðast þarf í fyrir hönd skuldabréfaeigenda.] [*Athuga skal að einnig tíðkast að nefna veðvörsluaðila „veðgæsluaðila“. Ef breyta á skilgreiningunni í þá átt hér er nauðsynlegt að breyta heitinu gegnumgangandi í skjalinu.*]

[„**Veðpolar**“ eru eigendur þeirra eigna sem settar eru að veði til tryggingar greiðslu á kröfum samkvæmt skuldabréfunum.]

[„**Verðbætur**“ eru breytingar á höfuðstól sem fylgja breytingum á vísitölu neysliverðs útgefandi af Hagstofu Íslands samkvæmt grein 2.17. Er þannig bætt upp sú breyting sem orðið hefur á verðlagi til að tryggja raungildi skuldabréfalánsins.]

[„**Verðtrygging**“ merkir aðferð til þess að tryggja að fjárskuldbinding haldi raungildi sínu. Aðferðin er fólgin í því að höfuðstóll skuldabréfsins breytist í takt við breytingar á vísitölu neysliverðs samkvæmt grein 2.17.]

Engin ábyrgð er tekin á notkun þessa skjals. Þessi fyrirmynd að stöðluðum skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu er á engan hátt bindandi og skal einungis litið á þau ákvæði sem í skjalinu er að finna sem dæmi um algeng ákvæði í skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu. Útgefandi skal ávallt leggja sjálfstætt mat á hvort þau dæmi sem sett eru fram í skjalinu samræmist kröfum útgefanda, væntanlegra kaupenda, laga og reglna, opinberra aðila eða annarra sem hagsmuna eiga að gæta vegna útgáfu skuldabréfa. Útgefendur og kaupendur skuldabréfa ættu ávallt að leita sér ráðgjafar sérfræðinga.

„Viðskiptadagur“ telst vera virkur dagur þegar bankar eru opnir á Íslandi.

2. ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM ÚTGÁFUNA

[Í þessum kafla birtast nauðsynlegar upplýsingar um útgáfuna á hnitmiðuðu formi. Hér er m.a. greinargóð lýsing á greiðslum vaxta og afborgana, hvort bréfin séu verðtryggð eða vísitölutengd og hvort takmarkanir séu á framsali bréfanna.]

- 2.1 Nafn útgefanda, kennitala og heimilsfang: [●].
- 2.2 Auðkenni skuldabréfsins: [●].
- 2.3 ISIN númer: [●].
- 2.4 Tegund bréfs: [Eingreiðslubréf með vöxtum]/[Jafngreiðslubréf]/[Jafnar afborganir]/[Vaxtalaust eingreiðslubréf]/[●].
- 2.5 Gjaldmiðill: [Upphaflega skammstafaður og síðan skrifaður út]. [Dæmi: ISK, íslenskar krónur].
- 2.6 Útgáfudagur: [Dagur, mánuður og ártal]. [Dæmi: 17. júlí 2017].
- 2.7 Fyrsti vaxtadagur: [Dagur, mánuður og ártal]. [Dæmi: 17. júlí 2017].
- 2.8 Greiðslur vaxta og höfuðstóls: [Hér skal lýsa greiðslufyrirkomulagi skuldabréfanna. Margvíslegir valkostir koma hér til greina og eru ákvæðin hér á eftir aðeins nefnd í dæmaskyni.]

Dæmi: [Eingreiðslubréf með vöxtum]: Vextir greiðast [á [●] mánaða/daga fresti/árlega („vaxtagjalddagar“) í fyrsta sinn [dags.] og í síðasta sinn [dags.]. Höfuðstóll skal greiddur að fullu í einu lagi á lokagjalddaga þann [dags.] („lokagjalddagi“).

Dæmi: [Jafngreiðslubréf (e. *annuitet*)]: Höfuðstóll og vextir greiðast í [●] jöfnum greiðslum sem skulu fara fram á gjalddögum þann [dags.(dagur og mánuður)], [dags.], [dags.] og [dags.] á hverju ári. Fyrsti gjalddagi vaxta og afborgana er [dags.] og síðasti gjalddagi [dags.].

Dæmi: [Jafnar afborganir]: Höfuðstóll greiðist í [●] jöfnum greiðslum sem skulu fara fram á gjalddögum þann [dags.(dagur og mánuður)], [dags.], [dags.] og [dags.] á hverju ári í fyrsta sinn [dags.] og síðasta sinn [dags.]. Vextir greiðast [á [●] mánaða/daga fresti/árlega („vaxtagjalddagar“) í fyrsta sinn [dags.] og í síðasta sinn [dags.].

- 2.9 **Fjöldi vaxtagjalddaga á ári:** [●] vaxtagjalddagar eru á ári. [dagur, mánuður], [dagur, mánuður], [dagur, mánuður] og [dagur, mánuður] á hverju ári eða, sé slíkur dagur ekki viðskiptadagur, þá [næsti viðskiptadagur þar á eftir]. Fyrsti vaxtagjalddagi skuldabréfsins er [dags.] og síðasti vaxtagjalddagi skuldabréfsins er [dags.].
- 2.10 **Fjöldi gjalddaga höfuðstóls á ári:** [●] höfuðstólsgjald dagar eru [dagur, mánuður], [dagur, mánuður], [dagur, mánuður] og [dagur, mánuður] á hverju ári eða, sé slíkur dagur ekki viðskiptadagur, þá næsti viðskiptadagur þar á eftir. Fyrsti gjalddagi höfuðstóls er [dags.] og síðasti gjalddagi [dags.].
- 2.11 **Lokagjalddagi:** [Dagur, mánuður og ártal]. [Dæmi: 17. júlí 2022].
- 2.12 **Heildarheimild útgáfu:** Allt að [gjaldmiðill skammstafaður], [fjárhæð í tölustöfum] [fjárhæð skrifuð út í bókstöfum innan sviga]. [Dæmi: ISK, 5.000.000.000 (fimm milljarðar króna)].
- 2.13 **Fjárhæð útgáfu nú:** [gjaldmiðill skammstafaður], [fjárhæð í tölustöfum] [fjárhæð skrifuð út í bókstöfum innan sviga]. [Dæmi: ISK, 900.000.000 (nínu hundruð milljónir króna)].
- 2.14 **Nafnverðseining:** [Gjaldmiðill skammstafaður] [fjárhæð í tölustöfum] [fjárhæð og gjaldmiðill í bókstöfum innan sviga]. [Dæmi: ISK 5.000.000 (fimm milljónir króna)].
- 2.15 **Vextir:** [vaxtaþrósentu]. [Dæmi: fastir, flatir 4,25% vextir]. [Dæmi: Reibor 1Y með 0,50% álagi]. [Dæmi: Á ekki við].
- 2.16 **Dagaregla:** Vextir skulu reiknaðir miðað við dagaregluna [30E/360] / [ACT/ACT ICMA] / [ACT/360] / [●].
- 2.17 **Verðtrygging:** [Skuldabréfin eru ekki verðtryggð.] / [Skuldabréfin eru verðtryggð.] [Viðmiðunarvísitalan er vísitala neysluverðs („VNV“) sem gefin er út af Hagstofu Íslands. Grunnvísitala skuldabréfsins er dagvísitalan þann [dags.] sem er [●] stig. Höfuðstóll skuldabréfsins breytist í hlutfalli við breytingar á dagvísitölunni. Verðbótum skal bætt við höfuðstól áður en vextir eru reiknaðir.]
- 2.18 **[Vísitölutenging:** [Í þessum efnum eru ýmsir valkostir: Skuldabréfin eru tengd vísitölu [vísitala sérstaklega tilgreind] með grunnildi þann [dags.] sem er [●] stig.] [Höfuðstóll skuldabréfsins breytist í hlutfalli við breytingar á [tilgreindri vísitölu Y/vísitölukörfu Z].]
- 2.19 **Jafn réttháar kröfur (l. pari passu):** Kröfur skuldabréfaeigenda samkvæmt skuldabréfaflokki þessum standa ávallt jafnar. Óheimilt er að inna af hendi greiðslu til skuldabréfaeiganda nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeiganda. [Kröfur samkvæmt skuldabréfum þessum standa ávallt að minnsta kosti jafnar öðrum óveðtryggðum skuldbindingum.] [Sé um vijkjandi skuld að ræða: Krafa skuldabréfaeiganda er jafnrétthá öðrum ótryggðum vijkjandi skuldbindingum útgefanda, öðrum en kröfum og skuldbindingum sem samkvæmt lögum njóta forgangs umfram aðrar ótryggðar vijkjandi skuldbindingar.] [Útgefanda er óheimilt að kaupa skuldabréf til baka á markaði af einhverjum, en ekki að tiltölu öllum, skuldabréfaeigendum.]
- 2.20 **Framsal:** Við framsal skuldabréfsins gildir að:
- a) Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Engar aðrar hömlur eru á framsali skuldabréfa þessara.

- b) Skuldabréfin eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi verðbréfamiðstöðvar [*nafn verðbréfamiðstöðvar*] og er reikningsstofnunum, eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim.
- c) Eignarskráning rafréfa hjá verðbréfamiðstöð veitir skráðum eiganda þeirra lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Yfirlit verðbréfamiðstöðvar um eigendur skuldabréfanna skal skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti.
- d) Greiðslur og tilkynningar eru sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi skuldabréfa.

3. MEÐFERÐ ANDVIRÐIS SKULDABRÉFAFLOKKSINS

[*Þessi kafli er valkvæður. Honum er ætlað að gæta hagsmuna skuldabréfaeigenda. Ef notendur skjalsins ákvæða að fjarlægja það úr skilmálunum þá þarf einnig að fjarlægja sérstaka heimild til gjaldfellingar vegna brots gegn þessu ákvæði, sbr. kaflann um gjaldfellingu hér á eftir.*]

- 3.1 Útgefanda ber að nýta andvirði skuldabréfaflokksins, eftir að hafa dregið frá kostnað og önnur útgjöld sem útgefandinn hefur þurft að reiða af hendi í tengslum við útgáfuna, til [*rekja tilgang*]. [*Dæmi um tilgang: til að fjármagna rekstur og fjárfestingar útgefanda*].

4. SKILYRÐI ÚTGREIÐSLU

[*Þessi kafli er valkvæður og á auk þess einungis við ef notast er við umboðsmann skuldabréfaeigenda.*]

- 4.1 Fyrir útgáfu skuldabréfanna skal útgefandi veita umboðsmanni skuldabréfaeigenda gögn og upplýsingar um eftirfarandi atriði:
 - a) staðfesting opinbers skráningaradila á tilurð útgefanda [*ásamt samþykktum útgefanda*],
 - b) afrit af ályktun [*stjórnar / aðila sem valdbær er til að skuldbinda*] útgefanda um samþykkt á i) útgáfu skuldabréfanna, ii) skilmálum þessum og iii) skilmálum umboðssamningsins,
 - c) sönnun fyrir því að þeir aðilar sem skrifa undir skilmála þessa, umboðssamninginn og önnur skjöl í tengslum við útgáfuna hafi haft fullnægjandi umboð til þess,
 - d) og [*önnur skilyrði*].
- 4.2 Umboðsmaður skuldabréfaeigenda má ganga út frá því að gögn þau sem afhent eru samkvæmt framansögðu séu nákvæm, rétt og fullnægjandi, nema hann hafi raunverulega vitneskju um að svo sé ekki.

Engin ábyrgð er tekin á notkun þessa skjals. Þessi fyrirmynd að stöðluðum skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu er á engan hátt bindandi og skal einungis lítið á þau ákvæði sem í skjalinu er að finna sem dæmi um algeng ákvæði í skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu. Útgefandi skal ávallt leggja sjálfstætt mat á hvort þau dæmi sem sett eru fram í skjalinu samræmist kröfum útgefanda, væntanlegra kaupenda, laga og reglna, opinberra aðila eða annarra sem hagsmuna eiga að gæta vegna útgáfu skuldabréfa. Útgefendur og kaupendur skuldabréfa ættu ávallt að leita sér ráðgjafar sérfræðinga.

5. GREIÐSLUR AF SKULDABRÉFUNUM

[Þessi kafli mælir fyrir um atriði sem varða greiðslufyrirkomulag skuldabréfanna, svo sem greiðslustað þeirra og viðtökudrátt af hálfu skuldabréfaeigenda.]

- 5.1 **Greiðslustaður:** Útgefandi mun á grundvelli upplýsinga frá verðbréfamiðstöð greiða af skuldabréfunum, á viðeigandi gjalddögum, höfuðstól og vexti til þeirra reikningsstofnana þar sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa vörslureikning. Með vörslureikningi er átt við reikning í skilningi laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlegar greiðslur inn á reikninga skuldabréfaeigenda.
- 5.2 **Viðtökudráttur:** Ef ekki er tengdur bankareikningur við vörslureikning eiganda skuldabréfs, sbr. 5. tl. 9. gr. reglugerðar nr. 397/2000, um rafræna eignarskráningu verðbréfa í verðbréfamiðstöð, skal eigandinn snúa sér til útgefanda til að móttaka greiðslu og þarf til þess að framvísa skilríkjum fyrir eignaréttindum sínum. Verði greiðslu ekki vitjað hjá útgefanda á réttum gjalddaga mun eigandi [ekki] / [hvorki] geta krafist dráttarvaxta [né verðbóta (sé um verðtryggt skuldabréf að ræða)] úr hendi útgefanda frá gjalddaga til þess dags sem greiðslunnar er krafist.

6. GREIÐSLA VAXTA OG HÖFUÐSTÓLS

[Í þessum kafla er fjallað almennt um greiðslufyrirkomulag skuldabréfanna.]

- 6.1 Skuldabréfin bera vexti yfir vaxtatímabil frá og með fyrsta vaxtadegi og til og með deginum fyrir lokagjalddaga skv. kafla 2. Fyrsta vaxtatímabil er frá og með fyrsta vaxtadegi og til og með deginum fyrir fyrsta vaxtagjalddaga. Næstu vaxtatímabil þar á eftir eru frá og með vaxtagjalddaga og til og með deginum fyrir næsta vaxtagjalddaga. Vextir hvers vaxtatímabils skulu greiddir á vaxtagjalddaga. [Vaxtatímabil hliðrast ekki vegna frídaga].
- 6.2 Á lokagjalddaga [greiðist höfuðstóll]/[greiðast eftirstöðvar höfuðstóls] [þar með talið verðbætur] ásamt ógreiddum vöxtum.
- 6.3 Beri vaxtagjalddaga eða gjalddaga höfuðstóls upp á dag sem er ekki viðskiptadagur skal gjalddaginn teljast næsti viðskiptadagur þar á eftir.
- 6.4 Greiði útgefandi ekki á gjalddaga er skuldabréfaeiganda heimilt að [innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu], af gjaldfallinni upphæð [og eftir atvikum af gjaldfellndri upphæð, sbr. kafla [9] hér á eftir um gjaldfellingarheimildir] enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir gjalddaga framvísað með sannanlegum hætti staðfestingu á eign sinni á vörslureikningi hjá reikningsstofnun

7. UPPGREIÐSLUHEIMILD

[Bæta má ákvæði um uppgreiðsluheimild í skjalið. Þarf þá að fjalla um hvenær hún vaknar og hvort áskilið sé uppgreiðslugjald.]

Engin ábyrgð er tekin á notkun þessa skjals. Þessi fyrirmynd að stöðluðum skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu er á engan hátt bindandi og skal einungis lítið á þau ákvæði sem í skjalinu er að finna sem dæmi um algeng ákvæði í skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu. Útgefandi skal ávallt leggja sjálfstætt mat á hvort þau dæmi sem sett eru fram í skjalinu samræmist kröfum útgefanda, væntanlegra kaupenda, laga og reglna, opinberra aðila eða annarra sem hagsmuna eiga að gæta vegna útgáfu skuldabréfa. Útgefendur og kaupendur skuldabréfa ættu ávallt að leita sér ráðgjafar sérfræðinga.

- 7.1 [Dæmi: Engin uppgreiðsluheimild gildir um skuldabréf samkvæmt skilmálum þessum.]
- 7.2 [Dæmi: Heimilt er að greiða upp skuldabréfin hvenær sem er fyrir lok lánstíma, að hluta eða öllu leyti.]

[Dæmi: Útgefanda er óheimilt að greiða upp skuldabréfin fyrr en að þremur árum liðnum frá útgáfudegi skuldabréfanna eða þann 10. október 2020. Uppgreiðsla skal fara fram á vaxtagjalddögum skuldabréfanna. Á tímabilinu 10. október 2020 til 10. október 2021 er útgefanda heimilt að greiða upp skuldabréfin, að hluta eða að öllu leyti, og skal útgefandi þá greiða uppgreiðslugjald sem nemur 2% af uppgreiðslu höfuðstóls skuldabréfaflokksins umfram hina sammingsbundnu greiðslu vaxta. Eftir 10. október 2021 og fram að lokagjalddaga er útgefanda heimilt að greiða upp skuldabréfin að hluta eða öllu leyti, og skal útgefandi þá greiða uppgreiðslugjald sem nemur 1% af uppgreiðslu höfuðstóls skuldabréfaflokksins umfram hina sammingsbundnu greiðslu vaxta. Útgefanda er óheimilt, að öðru leyti en að framan greinir, að greiða höfuðstól eða vexti skuldabréfa þessara upp að hluta eða í heild fyrir gjalddaga þeirra.]

8. UPPLÝSINGASKYLDA

[Ákvæðum þessa kafla er ætlað að tryggja að nálgast megi upplýsingar um hverjir eru skráðir eigendur skuldabréfanna hverju sinni. Þá er hér fjallað um upplýsingaskyldu útgefanda gagnvart skuldabréfaeigendum. Loks er vakin athygli á því að ákvæði 8.5 á aðeins við ef skuldabréfin eru skráð á markað.]

- 8.1 Til að tryggja réttindi skuldabréfaeigenda og upplýsingagjöf til þeirra, skal [útgefanda / umboðsmanni skuldabréfaeiganda / útgefanda og umboðsmanni skuldabréfaeigenda] vera heimilt að afla upplýsinga hjá verðbréfamiðstöð um skráða skuldabréfaeigendur á hverjum tíma.
- 8.2 Útgefanda ber að birta upplýsingar á heimasíðu sinni um [árs- og árshelmingauppgjör] útgefanda þegar þau liggja fyrir.
- 8.3 Útgefanda ber þegar í stað að tilkynna skuldabréfaeigendum [og umboðsmanni skuldabréfaeigenda] um hvers kyns brot á [fjárhagslegum eða sérstökum skilmálum sem eiga sér stað].
- 8.4 Upplýsingar þær sem útgefanda [og/eða umboðsmanni skuldabréfaeigenda] er skylt að afhenda skuldabréfaeigendum samkvæmt skilmálum þessum skulu sendar, fyrir tilstuðlan útgefanda, eins fljótt og unnt er með tilkynningu til verðbréfamiðstöðvar sem kemur henni áleiðis til skuldabréfaeigenda. [Útgefandi skal upplýsa umboðsmann skuldabréfaeigenda áður en tilkynning er send til verðbréfamiðstöðvar og skal umboðsmaður sjá til þess að upplýsingunum sé sannanlega komið á framfæri við skuldabréfaeigendur].
- 8.5 [Hafi skuldabréfin verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga, þá hvílir sú skylda á útgefanda að birta tilkynningar opinberlega samkvæmt verðbréfavíðskiptalöggjöf á hverjum tíma (lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti) og samkvæmt þeim reglum sem gilda á viðeigandi markaði.]

Engin ábyrgð er tekin á notkun þessa skjals. Þessi fyrirmynd að stöðluðum skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu er á engan hátt bindandi og skal einungis lítið á þau ákvæði sem í skjalinu er að finna sem dæmi um algeng ákvæði í skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu. Útgefandi skal ávallt leggja sjálfstætt mat á hvort þau dæmi sem sett eru fram í skjalinu samræmist kröfum útgefanda, vantanlegra kaupenda, laga og reglna, opinberra aðila eða annarra sem hagsmuna eiga að gæta vegna útgáfu skuldabréfa. Útgefendur og kaupendur skuldabréfa ættu ávallt að leita sér ráðgjafar sérfræðinga.

9. GJALDFELLINGARHEIMILD

[Í þessum kafla er fjallað um heimildir skuldabréfaeigenda til gjaldfellingar, þ.e. að fella einhliða alla skuld útgefanda gagnvart sér á gjalddaga við nánar tiltekna aðstæður (l. clausula cassatoria). Hægt er að semja um slíkar heimildir á margvíslegan hátt.]

9.1 Heimilt er að fella alla skuldina samkvæmt skuldabréfaflokknum á gjalddaga [með aðstoð umboðsmanns skuldabréfaeigenda], sbr. ákvæði 9.3 ef eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) [hafi útgefandi nýtt andvirði skuldabréfaflokksins á annan hátt en fram kemur í kafla 3 hér að framan um meðferð andvirðis skuldabréfanna.]
- b) hafi greiðsla vaxta eða höfuðstóls [, þar með talið verðbóta,] ekki verið innt af hendi [30 dögum] eftir gjalddaga.
- c) ef fjárnám er gert hjá útgefanda, önnur lán útgefanda að lágmarki fjárhæð [●] fyrir einstakar skuldbindingar eða að samtölu [●] eru gjaldfelld, bú útgefanda er tekið til gjaldþrotaskipta eða slitameðferðar, ef útgefandi leitar nauðasamninga eða hefur fengið heimild til greiðslustöðvunar, eignir útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppbóði eða ef eignir útgefanda eru kyrrsettar sem hluti af fullnustuaðgerðum kröfuhafa.
- d) ef skuldabréfin hafa ekki verið tekin til viðskipta á [skipulegum verðbréfamarkaði]/[markaðstorgi fjármálagerninga] fyrir [dags.]
- e) [Skuldabréfaeigendum er heimilt að gjaldfella skuldabréfið gerist útgefandi brotlegur við upplýsingaskyldu þá sem hvílir á honum gagnvart skuldabréfaeigendum samkvæmt ákvæðum [8.2,] 8.3, 8.4 hér að framan.]
- f) Ef útgefandi vanefnir aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sínar en skuldbindingar samkvæmt skuldabréfum þessum, hverju nafni sem nefnast, og heildarvanefnd nemur [●] milljónum króna eða hærri fjárhæð [(fjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá útgáfu skuldabréfa þessara)] og slík vanefnd er enn til staðar að loknu hverju því tímabili, samkvæmt upphaflegum samningi útgefanda við viðkomandi aðila, sem útgefandi hefur til úrbóta vanefndarinnar.
- g) Ef útgefandi verður sannanlega uppvís af því að brjóta gegn lögum og reglum í starfsemi sinni.
- h) [Greina má hér önnur sértæk skilyrði standi vilji til þess. Sem dæmi um slíkt skilyrði má nefna að ef samið er um veðsetningarbann, sbr. kaflann um sérstök skilyrði hér á eftir, þá væri hægt að bæta inn gjaldfellingarheimild ef útgefandi brýtur gegn slíku skilyrði.]

9.2 Verði skuldabréfaflokkurinn gjaldfelldur skal [umboðsmaður skuldabréfaeigenda þegar í stað senda tilkynningu um slíkt til útgefanda sem samdægurs skal]/[útgefandi þegar í stað] senda tilkynningu í samræmi við grein 8.4 [og grein 8.5].

9.3 Gjaldfellingarheimildir skuldabréfaflokksins sem taldar eru upp hér að ofan eru háðar því skilyrði að [5%]/[15%]/[25%]/[1/3]/[50%] skuldabréfaeiganda miðað við fjárhæð kröfu samþykki slíkt á fundi skuldabréfaeigenda, sbr. kafla 11, eða að samsvarandi hlutfall skuldabréfaeigenda hafi þegar tilkynnt [umboðsmanni skuldabréfaeigenda]/[útgefanda] að þeir hyggist gjaldfella skuldabréfin. Við útreikning á stöðu krafna þegar ákvörðun um gjaldfellingu er ekki tekin á fundi skuldabréfaeigenda skal miða við stöðu krafna í hlutfalli við heildarfjárhæð skuldabréfaútgáfunnar eins og krafan stóð í kerfum

Engin ábyrgð er tekin á notkun þessa skjals. Þessi fyrirmynd að stöðluðum skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu er á engan hátt bindandi og skal einungis litid á þau ákvæði sem í skjalinu er að finna sem dæmi um algeng ákvæði í skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu. Útgefandi skal ávallt leggja sjálfstætt mat á hvort þau dæmi sem sett eru fram í skjalinu samræmist kröfum útgefanda, væntanlegra kaupenda, laga og reglna, opinberra aðila eða annarra sem hagsmuna eiga að gæta vegna útgáfu skuldabréfa. Útgefendur og kaupendur skuldabréfa ættu ávallt að leita sér ráðgjafar sérfræðinga.

verðbréfamiðstöðvar á þeim degi þegar tilkynning var send til [umboðsmanns skuldabréfaeigenda]/[útgefanda]. Verði gjaldfelling samþykkt eiga skuldabréfaeigendur rétt til að krefjast þess að útgefandi greiði útistandandi kröfur [, þ.m.t. verðbætur,] vegna skuldarinnar auk uppsafnaðra vaxta og innheimtukostnaðar vegna gjaldfellingarinnar.

- 9.4 [Þrátt fyrir ákvæði 9.3 er sérhverjum skuldabréfaeiganda heimilt að grípa til milliliðalausra aðgerða til að gæta réttar síns ef umboðsmaður skuldabréfaeigenda [lætur um lengri tíma hjá líða að framfylgja ákvörðun fundar skuldabréfaeigenda] / [framfylgir ekki ákvörðun fundar skuldabréfaeigenda innan [20/30] daga frá því að hún var tekin]. [Til viðbótar getur hver einstakur skuldabréfaeigandi gjaldfellt kröfu sína á hendur útgefanda milliliðalaust á grundvelli b-liðar greinar 9.1 um að greiðsla vaxta eða höfuðstóls [, þ.m.t. verðbóta,] hafi ekki verið innt af hendi [30 dögum] eftir gjalddaga. Nýti skuldabréfaeigandi sér þessa heimild skal hann tilkynna [umboðsmanni skuldabréfaeigenda]/[útgefanda] um það samhliða gjaldfellingunni.]
- 9.5 Verði skuldin gjaldfeld samkvæmt framansögðu má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar, sbr. 7 tl. 1. mgr 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun skv. 7. gr. sömu laga. Aðfararheimild þessi nær til höfuðstóls, [þ.m.t. verðbóta,] vaxta, og dráttarvaxta auk alls kostnaðar af innheimtuaðgerðum, sbr. 2. mgr 1. gr. fyrrgreindra laga.

9.6 [Til greina kemur að bæta hér við ákvæði um greiðsluröð við gjaldfellingu.

Dæmi: Greiðsluröð við gjaldfellingu skal vera eftirfarandi:

1. Fyrst skal greiða [umboðsmanni skuldabréfaeigenda ógreiddan kostnað sem hlotist hefur af störfum hans]/[umboðsmanni skuldabréfaeigenda og veðvörsluaðila ógreiddan kostnað sem hlotist hefur af störfum þeirra], svo sem þóknun og útlagðan kostnað ef til hans hefur stofnast.
2. Því næst skal greiða skuldabréfaeigendum ógreidda vexti.
3. Því næst skal greiða skuldabréfaeigendum höfuðstól kröfunnar.]

10. UMBOÐSMAÐUR SKULDABRÉFAEIGENDA

[Í þessum kafla er lagt til að mælt sé fyrir um sérstakan umboðsmann skuldabréfaeigenda. Hlutverk hans er hagsmunagæsla fyrir skuldabréfaeigendur. Í skilgreiningakafla skjalsins er einnig vikið að umboðsmanninum og þar er ráðgert að fram komi hvaða sérfræðingur/lögaðili gegni því hlutverki. Ef veð eiga að standa til tryggingar skuldbindingum útgefanda samkvæmt skuldabréfunum er gert ráð fyrir veðvörsluaðila í öðrum kafla hér síðar í skjalinu. Vel kemur til greina að fela veðvörsluna umboðsmanni skuldabréfaeigenda og færa þá inn í þennan kafla skjalsins valin ákvæði úr kaflanum um veðvörsluaðila.]

Engin ábyrgð er tekin á notkun þessa skjals. Þessi fyrirmynd að stöðluðum skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu er á engan hátt bindandi og skal einungis lítið á þau ákvæði sem í skjalinu er að finna sem dæmi um algeng ákvæði í skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu. Útgefandi skal ávallt leggja sjálfstætt mat á hvort þau dæmi sem sett eru fram í skjalinu samræmist kröfum útgefanda, væntanlegra kaupenda, laga og reglna, opinberra aðila eða annarra sem hagsmuna eiga að gæta vegna útgáfu skuldabréfa. Útgefendur og kaupendur skuldabréfa ættu ávallt að leita sér ráðgjafar sérfræðinga.

- 10.1 Útgefandi mun, að teknu tilliti til hagsmuna skuldabréfaeigenda, tilnefna umboðsmann skuldabréfaeigenda. Skal umboðsmaðurinn vera fjármálafyrirtæki, lögmaður, endurskoðandi eða annar sérfróður aðili sem er óháður útgefanda.
- 10.2 Skuldabréfaeigendum er heimilt að víkja umboðsmanni skuldabréfaeigenda til hliðar og skipa nýjan í hans stað. Slík ákvörðun skal tekin á fundi skuldabréfaeigenda með einföldum meirihluta atkvæða í samræmi við fyrirmæli [greina 11.5 og 11.6]. Hinn nýi umboðsmaður skal gangast undir ákvæði fyrirbyggjandi sammings um starfsemi umboðsmanns skuldabréfaeigenda.
- 10.3 Láti umboðsmaður skuldabréfaeigenda af störfum að eigin ósk skal hann boða til fundar skuldabréfaeigenda, þar sem nýr umboðsmaður skal kjörinn og skipaður. Kjórið fer fram í samræmi við fyrirmæli [greina 11.5 og 11.6]. Hinn nýi umboðsmaður skuldabréfaeigenda skal gangast undir ákvæði fyrirbyggjandi sammings um starfsemi umboðsmanns skuldabréfaeigenda.
- 10.4 Hlutverk umboðsmanns skuldabréfaeigenda er að:
- (a) undirrita samning við útgefanda um starfsemi umboðsmanns skuldabréfaeigenda,
 - (b) [undirrita veðvörslusamninginn fyrir hönd skuldabréfaeigenda,]
 - (c) framsenda hvert það skjal og allar þær upplýsingar sem honum berast er varða skuldabréfin til skuldabréfaeigenda,
 - (d) tilkynna skuldabréfaeigendum þegar í stað um það ef hann verður var við að útgefandi hafi í einhverju vanefnt skuldbindingar samkvæmt skuldabréfi þessu,
 - (e) [hafa eftirlit með hvort endurskoðandi útgefanda hafi staðfest útreikninga útgefanda á fjárhagslegum skilyrðum] og [afla óháðs mats á slíkum útreikningum] / [leggja sjálfstætt mat á slíka útreikninga] en umboðsmanni skuldabréfaeigenda er heimilt að leita eftir skýringum útgefanda og endurskoðanda útgefanda á slíkum útreikningum ef þurfa þykir,
 - (f) boða til fundar skuldabréfaeigenda í samræmi við kafla 11,
 - (g) ákveða dagskrá fundar skuldabréfaeigenda,
 - (h) stýra fundi skuldabréfaeigenda, hafa umsjón með framkvæmd þeirra atkvæðagreiðslna sem þar kunna að fara fram og halda fundargerð um það sem þar fer fram,
 - (i) sinna hverjum þeim lögætum verkefnum sem einfaldur meirihluti þeirra skuldabréfaeigenda að fjárhæð sem sækja fund hefur falið honum að vinna með lögættri ályktun fundar skuldabréfaeigenda,
 - (j) annast nauðsynlegar fullnustuaðgerðir [í samvinnu við veðvörsluaðila], þ.m.t. höfða dómsmál, leggja fram aðfarar- og/eða nauðungarsölubeiðnir og eftir atvikum leita annarrar fullnustu skuldabréfanna fyrir hönd skuldabréfaeigenda samkvæmt ákvörðun fundar skuldabréfaeigenda,
 - (k) annast [í samvinnu við veðvörsluaðila] viðtöku þeirra fjármuna sem skuldabréfaeigendum kunna að greiðast í kjölfar fullnustu veða og ráðstöfun slíkra fjármuna til skuldabréfaeigenda í réttu hlutfalli við skuldabréfaeign þeirra,

- (1) [veita veðvörsluaðila öll nauðsynleg fyrirmæli tengd fullnusturáðstöfunum vegna skuldabréfanna, sem og vegna viðtöku og ráðstöfun fjármuna til skuldabréfaeigenda í kjölfar slíkra ráðstafana.]

10.5 Umboðsmanni skuldabréfaeigenda er heimilt við framkvæmd starfa sinna að óska eftir og hagnýta sér þjónustu [fjármálafyrirtækja, lögmannna, endurskoðenda, matsmanna] og annarra sérfræðinga eftir því sem nauðsynlegt reynist og þurfa þykir. Kostnaður af sérfræðivinnu greiðist [af útgefanda samhliða þóknun umboðsmanns].

10.6 Þóknun umboðsmanns skuldabréfaeigenda greiðist einu sinni á ári af útgefanda.

10.7 Umboðsmaður skuldabréfaeigenda skal haga starfa sínum í samræmi við fyrirmæli einfalds meirihluta skuldabréfaeigenda miðað við kröfufjárhæð þeirra sem gefin eru á lögmatum fundi skuldabréfaeigenda þar með talið fyrirmæli um að grípa ekki til aðgerða eða athafna sem annars væru heimilar, nema í þeim tilvikum sem mælt er fyrir um annað í skilmálum skuldabréfanna. Umboðsmaður skuldabréfaeigenda er ekki ábyrgur gagnvart skuldabréfaeigendum vegna athafna eða athafnaleysis hans sem er að rekja til fyrirmæla tilskilins meirihluta skuldabréfaeigenda.

11. FUNDUR SKULDABRÉFAEIGENDA

[Í þessum kafla er fjallað um fund skuldabréfaeigenda, en hann er sá vettvangur þar sem skuldabréfaeigendur taka þær ákvarðanir sem (umboðsmaður skuldabréfaeigenda/útgefandi) og eftir atvikum veðvörsluaðili framfylgir síðan.]

11.1 Ákvörðun skuldabréfaeigenda um málefni sem varðar skilmála þessa skal tekin á fundi skuldabréfaeigenda.

11.2 Boðað skal til fundar skuldabréfaeigenda með minnst sjö sólarhringa fyrirvara. [Umboðsmaður skuldabréfaeigenda]/[Útgefandi] annast fundarboðun með tilkynningu til skuldabréfaeigenda í samræmi við grein 8.4 [og grein 8.5]. Tilkynningin skal innihalda dagskrá fundarins. Niðurstöður fundar skuldabréfaeigenda skulu birtar með sama hætti.

11.3 [Umboðsmanni skuldabréfaeigenda]/[Útgefanda] er skylt að boða til fundar skuldabréfaeigenda ef:

1. [útgefandi óskar þess],
2. [veðvörsluaðili óskar þess],
3. [endurskoðandi útgefanda tilkynnir að hann muni ekki staðfesta útreikning á fjárhagslegum skilyrðum og útgefandi hefur ekki bætt úr innan 30 daga frá því slík afstaða endurskoðenda liggur fyrir],
4. [útgefandi hefur upplýst umboðsmann um að]/[útgefandi hefur upplýsingar um að] gjaldfellingarheimild samkvæmt skuldabréfinu kunni að vera til staðar,
5. [1/10 hluti] / [25%] skuldabréfaeigenda samkvæmt heildarfjárhæð krafna samkvæmt skuldabréfunum óskar þess, eða
6. ef kringumstæður að öðru leyti mæla með því að mati [umboðsmanns]/[útgefanda].

11.4 [Umboðsmaður skuldabréfaeigenda situr alla fundi skuldabréfaeigenda og tilnefnir hann fundarstjóra.] Fulltrúum útgefanda skal boðið til allra funda skuldabréfaeigenda og er heimilt að ávarpa fundina. [Umboðsmanni skuldabréfaeigenda]/[útgefanda] skal vera heimilt að bjóða öðrum aðilum að sækja slíka fundi og ávarpa þá telji hann þörf á slíku.

Engin ábyrgð er tekin á notkun þessa skjals. Þessi fyrirmynd að stöðluðum skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu er á engan hátt bindandi og skal einungis lítið á þau ákvæði sem í skjalinu er að finna sem dæmi um algeng ákvæði í skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu. Útgefandi skal ávallt leggja sjálfstætt mat á hvort þau dæmi sem sett eru fram í skjalinu samræmist kröfum útgefanda, væntanlegra kaupenda, laga og reglna, opinberra aðila eða annarra sem hagsmuna eiga að gæta vegna útgáfu skuldabréfa. Útgefendur og kaupendur skuldabréfa ættu ávallt að leita sér ráðgjafar sérfræðinga.

- 11.5 Komi til atkvæðagreiðslu á fundi skuldabréfaeigenda skal hver skuldabréfaeigandi njóta atkvæðisréttar í samræmi við fjárhæð kröfu hans samkvæmt skuldabréfunum í hlutfalli við heildarfjárhæð skuldabréfaútgáfunnar eins og krafan stóð í kerfum verðbréfamiðstöðvar á næsta viðskiptadegi fyrir þann dag er fundur skuldabréfaeigendanna fer fram. Skuldabréf sem vistuð eru á safnreikningum fjármálafyrirtækja njóta ekki atkvæðisréttar á fundum skuldabréfaeigenda. Við afmörkun samþykkishlutfalls við atkvæðagreiðslur á slíkum fundum skal heildarfjárhæð krafna samkvæmt skuldabréfunum lækkuð um heildarfjárhæð krafna samkvæmt þeim sem vistuð eru á safnreikningum fjármálafyrirtækja og heildarfjárhæð krafna samkvæmt skuldabréfunum þannig ákvörðuð lögð til grundvallar ákvörðun þess hvort samþykki fyrir tilteknum tillögum hefur náðst.
- 11.6 Ákvarðanir á fundi skuldabréfaeigenda skulu teknar með einföldum meirihluta skuldabréfaeigenda sem slíkan fund sækja, nema mælt sé fyrir á annan veg í skilmálum þessum. Fundur skuldabréfaeigenda skal teljast ákvörðunarbær ef fundurinn er sóttur af skuldabréfaeigendum sem fara með [15%] / [25%] af heildarfjárhæð krafna samkvæmt skuldabréfunum, að fjárhæð skuldabréfa sem vistuð eru á safnreikningum fjármálafyrirtækja frátöldum, hvort tveggja miðað við stöðu skuldabréfanna eins og hún er skráð í kerfum verðbréfamiðstöðvar á næsta viðskiptadegi fyrir þann dag er fundurinn fer fram. Hafi verið löglega boðað til fundar skuldabréfaeigenda samkvæmt framansögðu, en fundurinn telst ekki ákvörðunarbær sökum dræmrar fundarsóknar skal fundinum þegar í stað slitið og í hans stað boðað til nýs fundar skuldabréfaeigenda með sömu boðaðri dagskrá, sem fara skal fram eigi síðar en 10 virkum dögum eftir að fyrri fundur skuldabréfaeigendanna fór fram. Skal boðað til síðari fundarins með sama hætti og til hins fyrri og skal síðari fundurinn teljast ályktunarbær án tillits til fundarsóknar, svo fremi sem einhver skuldabréfaeigenda sækir fundinn. Regla þessi um ályktunarbærni fundar skuldabréfaeigenda raskar ekki áskildum samþykkishlutföllum skuldabréfaeigenda fyrir einstökum ráðstöfunum sem tilgreind eru í skilmálum þessum.
- 11.7 Þegar vísað er til samþykkis tiltekins hluta skuldabréfaeigenda í skilmálum þessum er átt við samþykki skuldabréfaeigendanna miðað við kröfufjárhæðir þeirra í hlutfalli við heildarfjárhæð skuldabréfaútgáfunnar, að frátaldri fjárhæð skuldabréfa sem vistuð eru á safnreikningum fjármálafyrirtækja, en ekki samþykki miðað við höfðatölu skuldabréfaeigendanna.
- 11.8 Útgefandi og aðilar tengdir honum í skilningi 100. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti njóta ekki atkvæðisréttar vegna skuldabréfa sem kunna að vera í eigu þeirra og skulu þau bréf ekki talin með við afmörkun samþykkishlutfalls.
- 11.9 Fyrirmæli tilskilins meirihluta skuldabréfaeigenda sem gefin eru á lögmætum fundi skuldabréfaeigenda í samræmi við ákvæði þessa kafla, eru bindandi fyrir alla skuldabréfaeigendur.

12. VEDTRYGGING/AR

[Ef bréfin eiga að vera veðtryggð kæmi til greina að bæta þessum kafla hér inn í skjalið. Önnur kaflanúmer á eftir myndu þá taka breytingum til samræmis. Veðréttindi þarf að tilgreina í samræmi við þær kröfur sem lög gera ráð fyrir, en þar er fyrst og fremst um að ræða lög nr. 75/1997 um sanningsveð. Ef ætlunin er að útgefandi geti selt veðsettar eignir þannig að nýjar eignir komi í stað

Engin ábyrgð er tekin á notkun þessa skjals. Þessi fyrirmynd að stöðluðum skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu er á engan hátt bindandi og skal einungis litið á þau ákvæði sem í skjalinu er að finna sem dæmi um algeng ákvæði í skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu. Útgefandi skal ávallt leggja sjálfstætt mat á hvort þau dæmi sem sett eru fram í skjalinu samræmist kröfum útgefanda, væntanlegra kaupenda, laga og reglna, opinberra aðila eða annarra sem hagsmuna eiga að gæta vegna útgáfu skuldabréfa. Útgefendur og kaupendur skuldabréfa ættu ávallt að leita sér ráðgjafar sérfræðinga.

þeirra eldri þá þarf einnig að kveða á um skilyrði og framkvæmd slíkrar sölu. Eftirfarandi eru dæmi um ákvæði sem varða veðtryggingu.]

- 12.1 [Dæmi: Til tryggingar á efndum skuldabréfanna veitir útgefandi tryggingu í formi veðtryggingar. Nánar tiltekið er um að ræða veð í [bæta inn upplýsingum um fasteignir eða aðrar eignir sem eru nánar tilgreindar, annað hvort hér eða í sérstökum viðauka við skjalið]. [Annar möguleiki: Allar fasteignir útgefanda skulu veðsettar skuldabréfaeigendum með þinglýstu tryggingarbréfi. Tryggingarbréfi skal þinglýst í fasteignabók hvernar fasteignar útgefanda í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 75/1997 um sammingsveð.] Þinglýst frumrit [tryggingarbréfsins skal / tryggingabréfa skulu] afhent veðvörsluaðila.]
- 12.2 [Ef ætlunin er ekki að vera með veðréttindi kæmi einnig til greina að tilgreina það sérstaklega, sbr. dæmi úr íslenskri útgáfu: Dæmi: „Skuldabréf þetta felur ekki í sér bein veð eða tryggingaréttindi. Eignum útgefanda er ætlað að standa undir endurgreiðslu á skuldabréfi þessu, vöxtum og höfuðstól ásamt öðrum skuldbindingum útgefanda eins og þær eru á hverjum tíma.“]

13. VEÐVÖRSLUAÐILI

[Þessi kafli á einungis við ef veðréttindum er til að dreifa á grundvelli skuldabréfaútgáfunnar. Veðvörsluaðila er ætlað að gæta réttinda skuldabréfaeigenda í tengslum við veðréttindin. Hugtakið er skilgreint í skilgreiningakafli frammar í skjalinu og þar kemur fram hver gegni þessu hlutverki. Vel kemur til greina að fela umboðsmanni skuldabréfaeigenda þetta hlutverk, enda kunna samlegðaráhrif að fylgja því fyrirkomulagi. Ef slík ákvörðun er tekin getur komið til álita að færa valin ákvæði úr þessum kafli yfir í kaflann um umboðsmann skuldabréfaeigenda.]

- 13.1 Útgefandi skal skipa veðvörsluaðila.
- 13.2 Skuldabréfaeigendur geta tilnefnt og skipað nýjan veðvörsluaðila. Slík ákvörðun skal tekin á fundi skuldabréfaeigenda með einföldum meirihluta atkvæða í samræmi við fyrirmæli [greinar 11.5 og 11.6]. Nýi veðvörsluaðilinn skal gangast undir ákvæði fyrirbyggjandi sammings um veðvörslu.
- 13.3 Láti veðvörsluaðili af störfum að eigin ósk skal hann áður með atbeina [útgefanda] / [umboðsmanns skuldabréfaeigenda] boða til fundar skuldabréfaeigenda þar sem nýr veðvörsluaðili skal kjörinn og skipaður. Kjórið fer fram í samræmi við fyrirmæli greinar 11.5 og 11.6. Nýi veðvörsluaðilinn skal gangast undir ákvæði fyrirbyggjandi sammings um veðvörslu.
- 13.4 Hlutverk veðvörsluaðila skal meðal annars vera að:
- (a) undirrita veðvörslusamning við útgefanda [og umboðsmann skuldabréfaeigenda, f.h. skuldabréfaeigenda / og skuldabréfaeigendur], varðandi þá þjónustu tengda veðvörslunni sem veðvörsluaðilinn skal veita og réttindi og skyldur hans í því sambandi,
 - (b) ljúka gerð veðskjala og annast öflun réttarverndar veða, að því marki sem slík skjöl liggja ekki fyrir, allt í umboði skuldabréfaeigenda,
 - (c) annast varðveislu frumrita allra veðskjala,

Engin ábyrgð er tekin á notkun þessa skjals. Þessi fyrirmynd að stöðluðum skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu er á engan hátt bindandi og skal einungis litíð á þau ákvæði sem í skjalinu er að finna sem dæmi um algeng ákvæði í skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu. Útgefandi skal ávallt leggja sjálfstætt mat á hvort þau dæmi sem sett eru fram í skjalinu samræmist kröfum útgefanda, væntanlegra kaupenda, laga og reglna, opinberra aðila eða annarra sem hagsmuna eiga að gæta vegna útgáfu skuldabréfa. Útgefendur og kaupendur skuldabréfa ættu ávallt að leita sér ráðgjafar sérfræðinga.

- (d) annast nauðsynlegar fullnustuaðgerðir [í samvinnu við umboðsmann skuldabréfaeigenda], þar með talið höfða dómsmál, leggja fram aðfarar- og/eða nauðungarsölubeiðnir og eftir atvikum leita annarrar fullnustu skuldabréfanna fyrir hönd skuldabréfaeigenda samkvæmt fyrirmælum sem byggjast á ákvörðunum teknum á fundi skuldabréfaeigenda,
- (e) sækja fundi skuldabréfaeigenda og gera þar grein fyrir störfum sínum og taka við fyrirmælum um framkvæmd þeirra eftir því sem fundur kann að ákvarða, annast [í samvinnu við umboðsmann skuldabréfaeigenda] viðtöku fjármuna í tengslum við fullnustu veða og ráðstöfun slíkra fjármuna til skuldabréfaeigenda,
- (f) [Annað. Til dæmis ef gert er ráð fyrir að breytingar verði á veðréttindum. Þá þarf að kveða á um hver aðkoma veðvörsluaðila yrði, svo sem við mat á þeim veðréttindum sem koma eiga í stað eldri veðréttinda.]

13.5 Þóknun veðvörsluaðila greiðist af útgefanda.

13.6 [Verði ágreiningur milli veðvörsluaðila og umboðsmanns skuldabréfaeigenda um störf veðvörsluaðila skal veðvörsluaðili hlíta ákvörðun umboðsmanns skuldabréfaeigenda. Veðvörsluaðili er ekki ábyrgur gagnvart skuldabréfaeigendum eða umboðsmanni þeirra vegna athafna eða athafnaleysis sem leiðir af hlýðni við slík fyrirmæli umboðsmanns skuldabréfaeigenda.]

13.7 [Til greina kemur að fjalla einnig um úrlausn hugsanlegs ágreinings veðvörsluaðila og útgefanda um verðmat sem veðvörsluaðila kann að vera falið að framkvæma. Slíkt á til dæmis við ef skuldabréf gera ráð fyrir því að skipta megi út veðum fyrir önnur veð.]

14. SKILMÁLABREYTING

[Þessi kafli fjallar um breytingu á skilmálum skuldabréfanna. Ef til stendur að heimila breytingu á skilmálunum þá þarf að fjalla um það í sérstöku ákvæði hvaða skilyrði séu sett fyrir breytingu, t.d. hversu stórt hlutfall skuldabréfaeigenda þurfi að samþykkja tillögu að slíkri breytingu. Þá þyrfti að fjalla um hvers konar breytingar séu heimilar, t.d. hvort það sé óráðið eða að einungis megi gera nánar tilgreindar breytingar.]

14.1 [Samþykki útgefanda og samþykki [einfalds meirihluta]/[2/3 hluta]/[9/10 hluta]/[●] skuldabréfaeigenda, sem veitt er á fundi skuldabréfaeigenda, þarf til að breyta megi skilmálum skuldabréfanna, [eða til þess að veita undanþágu vegna brots útgefanda á fjárhagslegum skilmálum skuldabréfanna] [eða undanþágu vegna annarra vanefnda útgefanda á skilmálum skuldabréfanna]. Þrátt fyrir framangreint, verður skilmálum skuldabréfanna er varða lokagjaldlega skuldabréfanna, fjárhæð þeirra, greiðslu vaxta og höfuðstóls, uppgreiðsluheimild eða vaxtahlutfall, ekki breytt nema að fengnu samþykki útgefanda og samþykki [9/10 hluta] / [●] skuldabréfaeigenda. Við útreikning skal miða við stöðu krafna í hlutfalli við heildarfjárhæð skuldabréfaútgáfunnar eins og krafan stóð í kerfum verðbréfamiðstöðvar á næsta viðskiptadegi á undan fundinum. Útgefanda ber að tilkynna verðbréfamiðstöð um hvers kyns breytingar á skilmálum skuldabréfanna.]

15. SÉRSTÖK SKILYRÐI

[Til greina kemur að bæta inn í skjalið sérstökum fjárhagslegum skilyrðum og/eða öðrum skilyrðum sem útgefandi þarf að uppfylla. Dæmi um slíkt væri eiginfjárvöð, sjóðstreymiskvöð, veðsetningarbann (sem gæti eftir atvikum náð til eigna dótturfélaga), bann við sölu eigna (eða skilyrt bann þar sem afla þarf samþykkis) eða krafa um að starfsleyfum sé haldið við. Síðan þyrfti að kveða á um hvernig eftirliti með þessum skilyrðum yrði háttáð. Hér verða einungis nefnd til sögunnar fáein dæmi um skilmála af þessu tagi.]

- 15.1 [Dæmi um sérstaka skilmála er bann við veðsetningu. Slíkt ákvæði mætti útfæra á eftirfarandi hátt.

Dæmi 1: Bann við veðsetningu (e. negative pledge): Útgefanda er ekki heimilt að veðsetja neinar eignir sínar eða veita aðra sambærilega tryggingu í eignum sínum. Undanskilið þessu banni er [upptalning eigna og tilgreining leyfilegrar veðsetningar].

Dæmi 2: Bann við veðsetningu (e. negative pledge): Veðsetning [fastafjármuna] er alltaf háð því skilyrði að óveðsettir og að fullu veðbandalausir fastafjármunir séu að bókfærðu virði [a.m.k. 115%] af útistandandi höfuðstól skuldabréfanna á hverjum tíma. Veðsetning hlutafjár dótturfélaga útgefanda er ekki heimil. Við dagsetningu útgáfu skuldabréfanna er hlutfé í dótturfélögum útgefanda ekki veðsett. Við lok síðasta fjárhagstímabils fyrir útgáfu skuldabréfanna, þann [dagur.mánuður.ártal], var bókfært virði óveðsettra og veðbandalausra fastafjármuna útgefanda [gjaldmiðill og fjárhæð].]

- 15.2 [Dæmi: Veruleg breyting á starfsemi. Útgefandi skuldbindur sig til að breyta ekki tilgangi starfsemi sinnar að verulegu leyti nema að undangengnu samþykki [75%] skuldabréfaeigenda miðað við heildafjárhæð krafna.] [Einnig kæmi til greina að kveða hér á um takmarkanir á heimild útgefanda til að skipta upp rekstri sínum.]

- 15.3 [Bæta mætti inn í skjalið ákvæði um lágmarkseiginfjárhlutfall sem útgefandi þarf ávallt að uppfylla.

Dæmi: Eiginfjárvöð. Útgefandi skuldbindur sig til að tryggja að eigið fé sitt sem hlutfall af heildareignum sé ávallt að lágmarki [●%].]

- 15.4 [Ef styðjast á við sjóðstreymiskvöð þarf að útfæra slíkt ákvæði nánar í skilmálunum. Nauðsynlegt er þá að skilgreina vandlega tilteknar tekjur útgefanda, s.s. leigutekjur, og mæla fyrir um að slíkar tekjur deilt með reiknuðum vöxtum (samkvæmt útgáfunni) skuli aldrei vera lægra en tiltekið hlutfall.]

- 15.5 [Ef beita á vaxtaþekju (e. interest coverage ratio) kæmi til greina að skilgreina það hugtak í skilgreiningakafla skjalsins hér að framan, t.d. sem tiltekið hlutfall hagnaðar fyrir fjármagnsliði (e. EBITDA) af vaxtagreiðslum. Síðan yrði kveðið á um að það hlutfall mætti ekki vera lægra en [●].]

- 15.6 [Ef setja á þak á skuldsetningarhlutfall hjá útgefanda þá væri hægt að kveða á um að hlutfall heildarskuldbindingar útgefandans af hagnaði fyrir fjármagnsliði (e. EBITDA) mætti ekki fara yfir [●]. Skilgreina mætti þá hugtakið „heildarskuldbinding“ í skilgreiningakafla skjalsins, t.d. sem samanlagðar fjárhagslegar skuldbindingar útgefanda [eða eftir atvikum samstæðu] á hverjum tíma.]

Engin ábyrgð er tekin á notkun þessa skjals. Þessi fyrirmynd að stöðluðum skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu er á engan hátt bindandi og skal einungis lítið á þau ákvæði sem í skjalinu er að finna sem dæmi um algeng ákvæði í skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu. Útgefandi skal ávallt leggja sjálfstætt mat á hvort þau dæmi sem sett eru fram í skjalinu samræmist kröfum útgefanda, væntanlegra kaupenda, laga og reglna, opinberra aðila eða annarra sem hagsmuna eiga að gæta vegna útgáfu skuldabréfa. Útgefendur og kaupendur skuldabréfa ættu ávallt að leita sér ráðgjafar sérfræðinga.

15.7 Ákvæði sem bæta mætti inn á eftir fjárhagslegum skilyrðum:

[**Dæmi:** Útgefandi skal framkvæma útreikning á hinum fjárhagslegu skilyrðum tvisvar sinnum á ári, þ.e. við birtingu árs- og hálfársreiknings, og skal hann þá jafnframt leggja fram staðfestingu endurskoðanda sinna á útreikningunum í hvert sinn. Við útreikningana skal miða við bókfært virði þeirra eigna er útreikningurinn varðar á þeim degi er hann fer fram. Komi til þess að endurskoðandi útgefanda ákveði að staðfesta ekki að fjárhagslegum skilyrðum sé fullnægt skal útgefandi upplýsa umboðsmann skuldabréfaeigenda um þá ákvörðun þegar í stað. [Hafi skuldabréfin verið tekin til viðskipta á [skipulegum verðbréfamarkaði]/[markaðstorgi fjármálagerninga] skal útgefandi birta tilkynningu um þetta atriði opinberlega í samræmi við reglur laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.] Við ákvæði sem þetta má bæta úrbótaákvæði þar sem útgefanda er veitt svigrúm til að bæta úr stöðunni: [Dæmi: Til úrbóta vegna brots á framangreindu(m) fjárhagslegum skilyrðum getur útgefandi aukið eigið fé sem nemur [...]. Útgefanda er einnig heimilt að veðsetja innstæður á bankareikningi sem hluta af veðandlaginu til þess að uppfylla veðsetningarlutfallið.]

16. FYRNING

[Í þessum kafla er að finna ákvæði um fyrningu krafna samkvæmt skuldabréfunum. Gert er ráð fyrir því að í þessum efnum gildi 1. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, þ.e. 10 ára fyrningarfrestur.]

- 16.1 Um fyrningu krafna samkvæmt skuldabréfinu fer eftir lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

17. ÓVIÐRÁÐANLEGAR AÐSTÆÐUR („FORCE MAJEURE“) OG TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR

[Ákvæði þessa kafla varða takmörkun á ábyrgð umboðsmanns skuldabréfaeigenda og eru að erlendra fyrirmynd. Ef ekki er notast við umboðsmann skuldabréfaeigenda þarf að fjarlægja þennan kafla úr skjalinu.]

- 17.1 [Umboðsmaður skuldabréfaeigenda verður ekki gerður ábyrgur vegna tjóns sem hlýst af lagasetningu, ráðstöfun stjórnvalda, stríði, verkfalli, verkbanni, viðskiptabanni, hafnarbanni eða einhverjum sambærilegum óviðráðanlegum aðstæðum („force majeure“).]
- 17.2 [Umboðsmaður skuldabréfaeigenda verður ekki gerður ábyrgur vegna óbeins tjóns nema hann hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi eða ásetning.]
- 17.3 [Komi upp óviðráðanlegar aðstæður („force majeure“) sem koma í veg fyrir að umboðsmaður skuldabréfaeigenda geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt skilmálum þessum má fresta slíkum aðgerðum þar til óviðráðanlegu aðstæðurnar („force majeure“) eru úr sögunni.]

18. ÁGREININGSMÁL

Engin ábyrgð er tekin á notkun þessa skjals. Þessi fyrirmynd að stöðluðum skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu er á engan hátt bindandi og skal einungis litíð á þau ákvæði sem í skjalinu er að finna sem dæmi um algeng ákvæði í skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu. Útgefandi skal ávallt leggja sjálfstætt mat á hvort þau dæmi sem sett eru fram í skjalinu samræmist kröfum útgefanda, væntanlegra kaupenda, laga og reglna, opinberra aðila eða annarra sem hagsmuna eiga að gæta vegna útgáfu skuldabréfa. Útgefendur og kaupendur skuldabréfa ættu ávallt að leita sér ráðgjafar sérfræðinga.

[Í þessum kafla er fjallað um það hvaða lög gilda um skjalið og hvar er heimilt eða eftir atvikum skylt að höfða mál vegna úgreinings um það.]

- 18.1 Um skilmála þessa og þau rafrænu skuldabréf sem gefin eru út á grundvelli þeirra gilda íslensk lög.
- 18.2 Rísi dómsmál út af skuldabréfum þessum, [er heimilt að reka það] / [skal það rekið] fyrir Héraðsdómi [Reykjavíkur]. Sé málið höfðað til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfinu skal það rekið samkvæmt reglum XVII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Staður:

Dags.:

ÚTGEFANDI

Fullt nafn – Ritað með prentstöfum:

Undirskrift:

Vottar:

Nafn og kennitala:

Nafn og kennitala:

Staður:

Dags.:

RÁÐGJAFI ÚTGEFANDA

Fullt nafn – Ritað með prentstöfum:

Engin ábyrgð er tekin á notkun þessa skjals. Þessi fyrirmynd að stöðluðum skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu er á engan hátt bindandi og skal einungis litið á þau ákvæði sem í skjalinu er að finna sem dæmi um algeng ákvæði í skilmálum vegna skuldabréfaútgáfu. Útgefandi skal ávallt leggja sjálfstætt mat á hvort þau dæmi sem sett eru fram í skjalinu samræmist kröfum útgefanda, væntanlegra kaupenda, laga og reglna, opinberra aðila eða annarra sem hagsmuna eiga að gæta vegna útgáfu skuldabréfa. Útgefendur og kaupendur skuldabréfa ættu ávallt að leita sér ráðgjafar sérfræðinga.

Undirskrift:

Vottar:

Nafn og kennitala:

Nafn og kennitala:

[VIÐAUKI I]

[Til greina kemur að bæta inn í skjalið einum eða fleiri viðaukum, til dæmis með nánari upplýsingum um veðsettar eignir. Síðan þarf að hafa viðauka með annars vegar samningi útgefanda við umboðsmann skuldabréfaeigenda og hins vegar samningi útgefanda við veðvörsluaðila, þ.e. ef ákveðið er að notast við þá aðila í tengslum við útgáfunu.]